

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 ÍSAFIRDÍ



Kópavogi, 21. febrúar 2018.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2018.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjáframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn eina umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er umsóknarfrestur til apríloka.

Vil ég vekja sérstaka athygli á því að stjórn EBÍ hefur samþykkt tvær breytingar á reglunum. Nú er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykkt á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélagini hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins sem hægt er að nálgast á heimasíðu félagsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku **umsóknareyðublaði**.

Umsóknarfresturinn er eins og fyrr segir til apríloka.

Allar frekari upplýsingar viðvígjandi styrktarsjóðinn gefa Anna Sigurðardóttir og Þuriður Dan Jónsdóttir. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is, ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmári 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Anna Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri.

MÓTTÉKID

23 FEB 2018

Ísafjarðarbær